

171

27. nóv.

Fasteignaskatt skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en brotum úr hundruðum skal sleppa, og nái virðingin ekki kr. 300.00 greiðist enginn skattur.

4. gr.

5. gr.

Eigandi fasteignar greiði skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða, þá greiði ábúandi eða leigjandi skattinn.

6. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er 2. janúar ár hvert. Skattinn ber að greiða til bæjar-  
gjaldkera. Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur að fullu innan tveggja mánaða eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiddir eru af útsvörum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skattur er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

8. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt í Kópavogskaupstað, nr. 148 10. október 1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

172

27. nóv.

## REGLUGERÐ

### um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

Þegar bærinn hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga hús að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skolp frá því út í aðalræsið ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við. Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarráð setur, getur það látið vinna verkið á kostnað húseiganda.

2. gr.

Öll framkvæmdastörf, sem holræsakerfi bæjarins varða, svo sem viðhald, endurbætur og umsjón alla, annast bæjarstjóri eftir fyrirmælum bæjarráðs, nema sérstökum manni verði falið að annast þessi störf. Bæjarstjóri annast og reikningshald og fjárreiður holræsagerðarinnar.

Engum er heimilt að leggja ræsi í aðalræsi, nema að fengnu samþykki ofan- **172**  
greindra aðila, og er mönnum skylt að hlíta fyrir mælum þeirra um gerð og legu **27. nóv.**  
ræsis og annað það, er máli skiptir í sambandi við það.

### 3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr bæjarsjóði. Til að standast þann kostnað, ber hverjum húseiganda, sem á hús að eða í námunda við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi er lagt í, að greiða árlega á holræsagjald 0.5% af fasteignamati húsanna, þó ekki undir kr. 100.00 af einbýlishúsi og af íbúðarhúsum með tveim íbúðum eða fleiri skal lægsta gjald vera kr. 75.00 á íbúð á ári. Gjöld þessi getur bæjarstjórn hækkað eða lækkað um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytisins.

### 4. gr.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu holræsagjalds gagnvart bæjarstjórn. Kröfur, sem bæjarstjórn kann að öðlast samkvæmt 1. og 3. gr. má taka lögtaki á kostnað gjaldanda og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 1. júní ár hvert.

### 5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 1000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur samið og samþykkt, og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 27. nóvember 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um heimilishjálp í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

**173**

**28. nóv.**

### 1. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum samkvæmt reglugerð þessari. Dagleg umsjón með framkvæmd heimilishjálparinnar er í höndum Kvenfélags Mývetninga. Nú leggst það félag niður, og útnefnir þá hreppsnefnd Skútustaðahrepps 3 menn til að gegna þessu hlutverki.

### 2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálpar á heimilum þegar sannað er, með umsögn læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem framkvæmdanefndin metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum. Hjálpin skal veitt svo lengi sem nefndin telur brýna nauðsyn bera til, enda hafi það starfsfólk, sem nefndin hefur yfir að ráða, ekki enn meira aðkallandi þörfum að sinna á öðrum heimilum.